

Norrænu samstarfsáðherrarnir samþykktu fjárhagsáætlun Norrænu ráðherranefndarinnar fyrir árið 2022 á fundi sínum 2. nóvember.

Heildarupphæð fjárhagsáætlunarinnar er: 969 milljónir danskra króna (á verðgildi ársins 2021). Endanleg upphæð verður uppfærð til verðgildis ársins 2022.

Samkvæmt samþykktinni verða eftirfarandi breytingar á fjárhagsáætluninni:

- Upphæðin verður uppfærð til ársins 2022 í samræmi við verðlag og gjaldmiðla
- Samkomulag við Norðurlandaráðs vegna fjárhagsáætlunarinnar verður hluti af áætluninni
- Breytingar á hlut MR-SAM í fjárhagsáætluninni
- Endanleg dreifing 40 millj. da.kr.-sjóðsins
- Aðrar minniháttar breytingar og leiðréttingar

Samkomulag vegna fjárhagsáætlunar milli Norrænu ráðherranefndarinnar og Norðurlandaráðs

Samkomulagið vegna fjárhagsáætlunarinnar nemur 15,1 milljón danskra króna alls.

Það er fjármagnað með breytingum á ramma MR-SAM og með því að nýta óráðstafað fé frá fyrra ári.

Það byggir því alfarið á „nýju“ fjármagni.

Í samkomulaginu eru eftirfarandi liðir:

- 6,5 milljónir da.kr. til menningarmála
- 4,45 milljónir da.kr. til menntamála
- 250.000 da.kr. til Norrænu blaðamannamiðstöðvarinnar
- 750.000 da.kr. til Norræna menningarsjóðsins
- 50.000 da.kr. til Orkester Norden
- 250.000 da.kr. til Norrænu bókmenntavikunnar
- 350.000 da.kr. til menningaráætlunarinnar sem heyrir undir NAPA
- 500.000 da.kr. til „Norræns tungumálasamstarfs“
- 200.000 da.kr. til „Norðurlanda í skólanum“
- 500.000 da.kr. til að halda upp á dag Norðurlanda 2022
- 500.000 da.kr. til að styðja NordJobb
- 800.000 da.kr. í sjóð fyrir loftslagsmál og líffræðilega fjölbreytni

Auk þess eru Norræna ráðherranefndin og Norðurlandaráð sammála um eftirfarandi:

- Samstarf á sviði samgöngumála og samtali milli hlutaðeigandi aðila um möguleika á að koma á fót norrænni ráðherranefnd um samgöngumál.
- Kanna hvort mögulegt sé að taka þátt í fjármögnun á sjóði æskunnar um loftslagsmál og líffræðilega fjölbreytni árið 2023.
- Norræna ráðherranefndin og Norðurlandaráð koma saman til að ræða um norræna fjárhagsáætlunargerð til framtíðar.

Athugið að:

- Með samkomulaginu um fjárhagsáætlun bætist við frekara fjármagn á tilteknum sviðum árið 2022. Það hefur ekki áhrif á þá fjögurra ára fjárhagsramma sem MR-SAM hefur samþykkt í framhaldi af framtíðarsýninni.
- Menning og menntun eru – einnig eftir endurskoðun á dreifingu fjármagns – stærstu sviðin í fjárhagsáætluninni á eftir MR-SAM.
- Árið 2024 nema menning og menntun samanlagt meira en þriðjungur allrar fjárhagsáætlunarinnar.
- Árið 2024 verður næstum því tvöfalt meira fé varið til menningarmála en umhverfis- og loftslagsmála þrátt fyrir endurskoðun á dreifingu fjármagns og um 40% meira fé til menningarmála en umhverfis- og loftslagsmála.
- Norræna barna og ungmennanefndin Nordbuk var flutt frá K til SAM árið 2021 sem gerir að verkum að fjárhagsrammi menningarmála lækkar gríðarlega mikið eða um 6,5 milljónir da.kr. milli áranna 2020 og 2021.